

II. TÍMARIT OG BÆKUR:

1. Dagsbrún, Mánaðarrit sjera M. J. Skaptasonar, Gimli & Wpg.
2. Lýsing, Mánaðarrit sjera M. J. Skaptasonar, Wpg.
3. Rannsóknar Öldin. Þýðing sjera M. J. Skaptasonar.
4. Höfuðpresturinn í Israel. Fylgirit Heimskringlu.
5. Trúin á Guð. Þýðing sjera M. J. Skaptasonar.

III. PRENTAÐIR RITLINGAR OG SVÖR,
frá andstæðinga hlíðum, er mótmæla Únttarakenningunni.

IV. ÓPRENTUÐ RIT OG BRJEF OG SKILRÍKI:

1. Safnaðarbækur, frá eldri og yngri tíð, og alt er lýtur að sögu safnaðanna ýmsu, er tekið hafa upp únttariskar skoðanir.
2. Brjef einstakra manna, er skýra trúarafstöðu ýmsra flokka, bygðarlaga eða einstaklinga á mismunandi tímum.
3. Fundarbækur og önnur skrifuð rit "Menningarfjelagsins" forna í Dakota, og þess yngra, vestur á Kyrrahafsströnd.
4. Ritsöfn einstakra manna, er suerta trúar og kyrkjumál vor Íslendinga vestra, má þar til nefna, sjerstaklega þessara 4. látinna fræðimanna Íslenzkra: Jónasar Kortssonar, Benedikts Pjeturssonar, Gunnars Gíslasonar og Sigurbjörns Stefánssonar. Auk þess kunna að vera fleiri, er oss er eigi kunnugt um, sem eigi ólíklega hafa eitthvað eftir sig skilið í þessa átt, t. d. Baldvin Helgason, er síðast bjó í Selkirk; Gísli Sæmundsson, er fluttist frá Dakota vestur að hafi, snemma á tíð, og dó þar o. fl.

Það annað fleira, suertandi sögu vora Vestur-Íslendinga, er menn kynni að eiga og vildi unna kyrkjufjelagi voru að eignast, svo að safnið mætti verða yfirgríps meira en í fyrstu var gjört ráð fyrir, verður þakksamlega þegið. Margt gæti þar komið til greina, svo sem blöð og tímarit, ritlingar og smárit, ýmislegs efnis.

Vjer viljum alvarlega mælast til þess, að fólk víðsvegar um þessa álfu vilji góðfúslega aðstoða oss í þessu efni, og gjöra sitt til að rjetta jafn þörfu og góðu máli hjálpandi hönd, svo að þessari söfnun geti verið lokið fyrir næstkomandi þing.

Til mikils er ekki mælst, en fáir hugmynd þessi framgang, getur það borið mikinn og góðan árangur fyrir seinni tíð.